



Reykjavík 16. ágúst 2023

Til heilsueflandi sveitarfélaga
Efni: Göngum í skólann

Nú styttest í að verkefnið **Göngum í skólann** (www.iwalktoschool.org) hefjist en það verður sett í sautjanda sinn þann 6. september næstkomandi og lýkur formlega með alþjóðlega Göngum í skólann deginum miðvikudaginn 4. október. Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér **virkan ferðamáta** í og úr skóla og auka færni sína til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

Á hverju ári taka milljónir barna í yfir 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í Göngum í skólann með einum eða öðrum hætti. Hér á landi hefur þátttakan vaxið jafnt og þétt, fyrsta árið voru þátttökuskólarnir 26 en alls skráðu 84 skólar sig til leiks árið 2022.

Óskum við nú eftir liðsinni ykkar til að hvetja alla skóla á ykkar svæði til þátttöku og auðvelda þannig foreldrum og börnum að velja virkan ferðamáta. Það getur sveitarfélagið gert m.a. með því að nýta heimasíður og samfélagsmiðla sveitarfélagsins, segja frá verkefninu og hvetja skólástjórnendur til þátttöku. Einnig með því að tryggja að göngu- og hjólreiðastígar séu öruggir og hugað að hreinsun, viðhaldi og lýsingu. Jafnframt er nauðsynlegt að stuðla að því að nærumhverfi skólanna sé öruggt eftir því sem við á t.d. með því að takmarka bílaumferð við skóla, huga að merkingum við t.d. gangbrautir, tryggja öryggi vegfarenda við umferðarpungar götur og hafa gangbrautaverði.

Á heimasíðu **Göngum í skólann** www.gongumiskolann.is eru allar nánari upplýsingar um verkefnið, en þar má meðal annars finna skemmtilegar útfærslur nokkurra skóla á Íslandi á verkefninu, auk ýmiss annars efnis frá þátttökuskólunum. Tvær handbækur geta nýst skólum við útfærslu á verkefninu. Þær eru *Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla* (sérstaklega kafli 3) sem Embætti landlæknis gefur út og *Handbók í umferðarfræðslu* sem Samgöngustofa gefur út. Hægt er að nálgast bækurnar rafrænt á síðunum www.umferd.is og www.landlaeknir.is. Á þessum heimasíðum má einnig finna annan fróðleik sem snýr að heilsueflingu og umferðarfræðslu.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við Lindu, verkefnastjóra Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ á netfangið linda@isi.is eða Ragnhildi á ragnhildur@isi.is.

Með kveðju,
Ragnhildur Skúladóttir,
sviðstjóri Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

